

FRÉTTIR

Hvað er að fréttá frá Raufarhöfn ?

Á austurströnd Melrakkaslétta er Raufarhöfn, eitt nyrsta þorp Íslands þar sem vornóttin er bjartari og vetrardagurinn myrkari en víðast hvar. Á Raufarhöfn er öll grunnþjónusta svo sem eins og heilsugæsla, apótek, matvöruverslun, banki, pósthús, sundlaug, heilsurækt, tjaldstæði, bifreiðaverkstæði, hótél, gistiheimili og kaffihús. SSNE er einnig er með starfstöð á Raufarhöfn.

Heimskautsgerðið var einn af topp 10 áfangastöðum Norðurlands eystra sumarið 2020 og hafa yfir 17 þúsund gestir komið í gerðið það sem af er ári. Heimskautsgerðið er byggt þannig að sex metra há hlið vísa til höfuðáttanna og verða fjórir skúlptúrar inni í gerðinu, hver með sínu sniði. Framkvæmdir hafa staðið yfir síðustu mánuði en 35 milljónir fengust úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða síðastliðið vor.

Raufarhöfn er ekki frábrugðin öðrum smáþorpum á landsbyggðinni að því leiti að gríðarleg menning er í raun á öllum árstímum. Ekki er um að ræða bíó né leikhús en félagsstarf ýmiskonar mjög virkt. Í þorpinu er félagsstarf eldri borgara gríðarlega virkt, kvenfélagið slær ekki slöku við, foreldrafélag skólans og björgunarsveitin eru á útopnu allt árið um kring og ýmislegt fleira. Þessi félagasamtök halda uppi mjög mikilvægri félagslegri menningarhefð.

Á hverju ári eru haldnir menningardagar sem enda á Hrutadögum í þorpinu en í haust voru þeir haldnir með smærri sniði en venjulega og eingöngu fyrir íbúa. Lukkuðust menningardagar með þýði og almenn ánægja í þorpinu með það sem þó var gert í skugga Covid-19.

Strandveiðin (handfæraveiðin) 2020 gekk þokkalega. Þó nokkrir aðkomubátar stunduðu handfæraveiðar og voru þeir við veiðar fram í október. Línuveiðar hafa jafnframt gengið vel. Hörður Björnsson ÞH fer að hverfa úr þjónustu GPG og annað skip er væntanlegt á næstu vikum, Jökull ÞH.

Vinnuhópur fyrir íþróttahúsið fór af stað á fyrsta ársfjórðungi og hefur unnið jafnt og þétt yfir árið. Ungmennafélagið Austri, Norðurþing og aðrir velunnarar Raufarhafnar fjármögnuðu búnað og tæki og er ræktin því fullbúin. Nú er beðið með eftirvæntingu eftir að samkomubanni verði aflétt svo íbúar og gestir geti farið að flykkjast í íþróttahúsið á ný.



Mynd: Gunnar Jóhannesson

Brothættar byggðir - Öxarfjörður í sókn

Verkefni brothættar byggða í Öxarfjarðarhéraði er nú á lokametrunum og lýkur þátttöku Byggðastofnunar formlega um áramótin. Verkefnið hefur nú verið í gangi í fimm ár eða frá ársbyrjun 2016 og átti í raun að ljúka 2019 en ákveðið var að framlengja það um ár til viðbótar. Verkefnisstjórn Öxarfjarðar í sókn mun á komandi ári standa fyrir íbúafundi þar sem farið er yfir allt sem áunnist hefur en ekki var unnt að halda slíkan á árinu 2020. Norðurþing hefur tekið ákvörðun um að halda sambærilegu verkefni gangandi innan Öxarfjarðarhéraðs á nýju ári með ráðningu atvinnu- og samfélagsfulltrúa (til eins árs fyrst um sinn). Er það sérstaklega ánægjulegt í ljósi þess að talsvert af framfaraverkefnum eru í gangi sem mikilvægt er að styðja við og fylgja eftir. Afar fjölbreytt sem og krefjandi verkefni hafa komið á borð verkefnisstjóra á liðnum árum og eru einnig framundan. Það stendur þó helst upp úr á verkefnistímanum hvað íbúar og fyrirtæki svæðisins eru margir hverjir að vinna mikið og gott frumkvöðla- og nýsköpunarstarf, og það á mörgum sviðum. Hér að neðan má sjá lista yfir þau verkefni sem Öxarfjörður í sókn hefur styrkt með fjármagni frá upphafi verkefnistímans en ótalin eru þau verkefni sem enn eru í gangi:

- *Kjöttvinnsla í Árdal*
- *Framtíð í fjárhúsi í Kelduhverfi*
- *Sólstöðuhátíð á Kópaskeri*
- *Ræktun á Austursandi í Öxarfirði*
- *Rófurækt á Presthólum*
- *Þróun á mýkri ull*
- *Mórúnir-jurtalitun og handverk*
- *Uppbygging á Bjarnastöðum*
- *Gamla verkstæðishúsið á Kópaskeri*
- *Tækifæri við Vegginn í Kelduhverfi*
- *Sparifé- pylsur og beikon*
- *Hestatengd ferðaþjónusta á Meiðavöllum*
- *Miðnætur hestaferðir í Öxarfjarðarhéraði*
- *Veititengd ferðaþjónusta í Garði*
- *Kynning á nýjum Dettifossvegi*
- *Scuba diving í Öxarfjarðarhéraði*
- *Deiliskipulagsvinna á Meiðavöllum*
- *Leit hönnunar og lausnar við að kæla vatn úr Æ3*
- *Misgengisgönguhressing*
- *Ullarvinnslan á Gilhaga*
- *Nýting viltra jurta*
- *Áfangastaðaping á vegum Norðurhjara*
- *Kynniferð á vegum Norðurhjara*
- *Bakkaböð á Kópaskeri*
- *Fuglatalningar og aflestur merkja*
- *Þróun lengri hestaferða*
- *Kantarellur í Núpasveit*
- *Hótél Sandfell*
- *Nýting viltra jurta*
- *Kjöttvinnsla á Gilsbakka*
- *Jarðarberjaræktun*
- *Skerjakolla -kaffihús*
- *Betri merkingar við Skjálftavatn*
- *Melar gistihús*
- *Örnefni í Öxarfirði*

Sum verkefni hafa fengið styrk oftar en einu sinni. Verkefnisstjóri vill einnig nýta tækifærið og þakka öllum (íbúum, fyrirtækjum, samtökum og stofnunum) fyrir ánægjulegt samstarf á verkefnistímanum.

Charlotta Englund
 Verkefnisstjóri Öxarfjarðar í sókn



AUKIN HLUTDEILD OPINBERRA STYRKJA TIL LANDSHLUTANS

Eitt af yfirlýstum markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra er að auka hlutdeild landshlutans í opinberum styrkveitingum og er ánægjulegt að sjá niðurstöður úthlutana úr stórum sjóðum nýverið.

Þrjú verkefni á Norðurlandi eystra hlutu styrki úr C.1. sjóði stefnumótandi byggðaráætlunar

Veittir hafa verið styrkir úr stefnumótandi byggðaaætlun til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (liður C.1. á byggðaaætlun). Alls bárust 28 umsóknir og sótt var um samtals kr. 777.370.250,- fyrir árin 2020-2023. Þriggja manna valnefnd fór yfir umsóknirnar en til úthlutunar að þessu sinni voru 109 mkr. SSNE vann umsóknir fyrir hönd 8 verkefna og alls hlutu þrjú þeirra styrk fyrir alls 56 mkr. en það jafngildir 51% af öllu útdeildu fjármagni á landsvísu:

- *Hraðið, uppbygging frumkvöðlaseturs á Húsavík, 19.000.000.- kr.*
- *Friðlandsstofa – anddyri friðlands Svarfdæla í Dalvíkurbyggð, 35.000.000.- kr. til þriggja ára*
- *Gróðurhús í Öxarfirði, 2.000.000.- kr.*



Sex verkefni á Norðurland eystra hlutu styrki úr nýjum Matvælasjóði Íslands

Matvælasjóður

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti nýverið fyrstu úthlutun úr Matvælasjóði en alls hlutu 62 verkefni styrki. Heildarúthlutun úr sjóðnum var 480 m.kr. að þessu sinni. Alls bárust sjóðnum 266 umsóknir og var sótt um fyrir rúmlega 2,7 ma.kr. Verkefni á Norðurlandi eystra sem hlutu styrk eru:

- *No – dig Market Gardening*
- *Tilraunaræktun á ostrum á landi*
- *Kjöttvinnslu breytt í atvinnueldhús*
- *Sauðaostar og sauðaostagerð*

Verkefni hlutu styrk samtals að fjárhæð 7,79 m.kr.

Að auki hlutu verkefni *Mývatns spirulina* og *Þróun framleiðsluvara byggðum á íslenskum jurtagrunni* samtals 14,5 m.kr. styrk úr flokknum Afurð sem styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi en eru þó ekki tilbúin til markaðssetningar. SSNE óskar öllum styrkhöfum innilega til hamingju.

Áætlað er að Matvælasjóður muni hafa 628 m.kr. til umráða á árinu 2021 og er stefnt á að opnað verði fyrir umsóknir í mars og að önnur úthlutun sjóðsins fari fram í maí 2021. SSNE hvetur Norðlendinga í matvælaframleiðslu til að kynna sér sjóðinn en hægt er að fylgjast með starfsemi sjóðsins á heimasíðunni www.matvælasjóður.is.

Fimm styrkir til Norðurlands eystra úr Orkusjóði

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, hafa falið Orkusjóði að veita 192 m.kr. í styrki til 55 verkefna í orkuskiptum af þeim fjárveitingum sem veittar eru til loftslagsmála í ár.

Fimm styrkir voru veittir til verkefna á Norðurlandi eystra. Í flokknum innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki fékk Höldur ehf. 6.330.000 kr. Í flokknum innviðir fyrir vistvæn ökutæki við opna staði fékk Fjallabyggð 5.000.000 kr., Skútustaðahreppur 4.000.000 kr. og Vistorka 2.400.000 kr. Í flokknum fjárfestingastyrkir til sveitarfélaga fékk Langanesbyggð 4.304.400 kr.

SSNE óskar styrkhöfum til hamingju og vill hvetja bæði fyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi eystra til að hefjast þegar handa við undirbúning styrkumsókna í næstu umferð styrkveitinga hjá Orkusjóði.

Við minnum á að ráðgjafar SSNE eru til viðtals og aðstoðar við styrkumsóknarskrif en hægt er að panta tíma hjá ráðgjafa [hér](#).

AÐRIR STYRKIR Í BOÐI



Opið er fyrir umsóknir núna í eftirfarandi sjóði:

- [Hagnýt rannsóknarverkefni](#) Tækniþróunarsjóðs - opið til 25.janúar 2021
- [Samstarfsverkefni Íslendinga og Pólverja](#) - opið til 22. janúar 2021
- [Lokunarstyrkir stjórnvalda](#)

AUKIN ÁHERSLA Á UMHVERFISMÁL

Í Sóknaráætlun Norðurlands eystra er lögð áhersla á þrjú málaflokkar: atvinnu og nýsköpun, menningu og umhverfismál. Umhverfismálum var bætt við sem sérstökum málaflokki við gerð þeirrar Sóknaráætlunar sem nú er í gildi og á síðasta þingi SSNE kom berlega í ljós vilji til að þau mál yrðu sett á oddinn.

Starfsmenn SSNE hafa undanfarna mánuði verið að kynna þeim reglugerðum og aðgerðum sem lúta að umhverfismálum. Mikilvægt er að hjá SSNE safnist þekking til stuðnings við sveitarfélög, atvinnulíf og íbúa hvað þau varðar. Búið er að setja sig í samband við stofnanir sem að koma að umhverfismálum, tala við ýmsa aðila á svæðinu sem vinna að umhverfistengdum verkefnum og efni safnað sem nýtist safnað í gagnagrunn.

SSNE hefur nú þegar sett af stað markvisst samstarf með Eim er varðar loftlagsmál. Á aukþingi SSNE 11. desember var umhverfisráðherra með erindi og svaraði fyrirspurnum. Samþykkt var á þinginu að skipa undirnefnd umhverfismála hjá SSNE. Verkefni nefndarinnar verða útfærð frekar á komandi ári en möguleg verkefni væru meðal annars að skoða til hvaða aðgerða þarf að grípa árið 2021 til að færa landshlutann nær þeim markmiðum sem listuð eru í Sóknaráætlun og einnig skoða hvort eitthvað þurfi að endurhugsa markmiðin. Vonir standa til þess að starf undirnefndar geti gert starf SSNE í málaflokknum faglegra og að aðgerðir muni styðja sveitarfélög í vegferðinni sem framundan er.



UPPBYGGING INNVIÐA Á NORÐURLANDI EYSTRA

Nú í desember leitar hugurinn til þess mikla fárviðris sem gekk yfir Ísland fyrir réttu ári í desember 2019. Miklar truflanir urðu í flutnings- og dreifikerfi rafmagns sem hafði svo afleiðd áhrif á fjarskiptakerfi. Í kjölfarið skipaði ríkisstjórn átakshóp um úrbætur á innviðum þar sem leitað var samráðs sveitarfélaga og ýmissa innviðafyrirtækja á borð við Isavia, Vegagerðina, Landhelgisgæsluna og Veðurstofu Íslands. Á www.innvidir2020.is er að finna yfirlit aðgerða sem allar miða að því að styrkja innviði landsins í kjölfar fárviðrisins auk fjölmargra annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru á sviði orkumála, fjarskipta, samgangna, almannavarna og samhæfingar. Nánari lýsingar á aðgerðum er að finna í ítarlegri skýrslu unna af Verkís verkfræðistofu sem skipt er niður eftir landshlutum. Hægt er að fletta upp þeim 74 aðgerðum sem skilgreindar eru fyrir Norðurland eystra og sjá áætlaðan framkvæmdartíma þeirra.



Skýrsla Verkís: [Uppbygging innviða – aðgerðalýsingar](#)

LISTAGJÖF TIL ÞJÓÐARINNAR

Íbúum um allt land bauðst að njóta [listagjafar](#) helgina 19.-20. desember sl. en í listagjöf felst það að listafólk í fremstu röð heimsækir fólk heim og flytur stutta listgjörninga, tónlist, ljóðlist, sirkusatriði eða dans sem gefendur geta pantað fyrir ástvinu í gegnum vefinn. Einnig var boðið upp á rafrænar listagjafir til þeirra sem gátu ekki tekið á móti gjöf í eigin persónu vegna sóttvarnarmála eða staðsetningar. Verkefnið var í boði íslenskra stjórnvalda og var því þátttakendum að kostnaðarlausu.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og kom í framhaldi af viðbragðsverkefni þeirra Listagjöf sem vakti mikla lukku í Reykjavíkurborg í byrjun nóvember. Að þessu sinni var uppákomum dreift um landið og á Norðurlandi eystra buðu 12 listamenn upp á alls 73 listagjafir sem fluttar voru um allan landshlutann. Til gamans má geta að nánast allar gjafirnar voru pantaðar og vonandi hafa þær lýst upp skammdegið hjá þeim sem fengu að njóta. Hægt er að sjá myndir og myndbönd af þessum skemmtilegu heimsóknum sem merkt eru með [#listagjöf2020](#) og [#listahátíð2020](#) á öllum helstu samfélagsmiðlum.

AUKAÞING SSNE

Rafrænt aukabing SSNE fór fram 11. desember sl. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, ávarpaði þingið og ræddi m.a. úrgangsmál, samstarf ríkis og sveitarfélaga í umhverfismálum og fjármagn ráðuneytisins til sóknaráætlana landshlutanna. Þar sem umhverfismálin eru mikilvægur málaflokkur innan Sóknaráætlunar samþykkti aukabingjið að skipuð yrði undirnefnd umhverfismála hjá SSNE. Nefndin mun gegna sambærilegu hlutverki og fagråd atvinnamála og nýsköpunar og fagråd menningar. Formaður SSNE, Hilda Jana, sagði frá helstu verkefnum SSNE frá síðasta ársþingi, vinnu við val á áhersluverkefnum og kynnti starfsáætlun stjórnar fyrir þinginu. Hún hvatti þingfulltrúa til að koma hugmyndum að áhersluverkefnum til stjórnar eða framkvæmdastjóra SSNE.

Óánægja ríkti á þinginu með frumvarp um opinberan stuðning við nýsköpun í kjölfar niðurlagningar NMÍ og lagði aukabingjið fram bókun þess efnis. Umræður um samvinnu sveitarstjórnarfulltrúa og þingmanna fóru einnig fram og kynnti formaður helstu ábendingar sveitarstjórnarfulltrúa, sem myndu leiða til betri samvinnu, fyrir þinginu. Í kjölfarið bókaði þingið um málið. Að lokum var samþykkt að ársþing SSNE yrði haldið 16.-17. apríl í Eyjafjarðarsveit (ef aðstæður leyfa).

[Hér](#) er hægt að nálgast allar fundargerðir þinga og stjórnar SSNE.

FYRIRTÆKJAÞING



Vel heppnað fyrirtækjaþing í Dalvíkurbyggð

25. nóvember síðastliðinn hélt atvinnumála- og kynningarråd Dalvíkurbyggðar í samstarfi við SSNE fyrirtækjaþing. Þingið var vel sótt af áhugasömum fyrirtækjarekendum og frumkvöðlum í Dalvíkurbyggð. Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri á Dalvík ávarpaði þingið og blés fólki byr undir báða vængi. Rebekka Kristín Garðarsdóttir verkefnastjóri hjá SSNE hélt erindi um styrkjaumhverfið, Anna Guðný Guðmundsdóttir verkefnastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar var með góð hvatningarorð með erindi sínu „Orð eru til alls fyrst“ og Baldvin Valdemarsson sviðsstjóri atvinnu- og byggðaðróunar hjá SSNE lokaði svo þinginu með erindi sínu X-faktorinn þar sem hann hefur fyrir löngu sannfærst um að í Dalvíkingum búi mikið frumkvöðlaeðli og í Dalvíkurbyggð er mikla brautryðjendur að finna.



Fyrirhugað fyrirtækjaþing Akureyrarbæjar

Nú er í undirbúningi rafrænt fyrirtækjaþing sem haldið verður í janúar 2021 og er markmiðið að leggja grunn að samkeppnisgreiningu fyrir Akureyrarbæ. Hverjir eru helstu kostir og gallar við að reka fyrirtæki hér og hvar liggja framtíðartækifærin?

Greiningin, sem er unnin í samstarfi Akureyrarstofu og SSNE, er liður í undirbúningi nýrrar atvinnustefnu og aukinni markaðssókn sveitarfélagsins. Við erum að leita að fjölbreyttum hópi fólks úr atvinnulífnum til að taka þátt í umræðum. Óskað er eftir samtali við stjórnendur fyrirtækja af mismunandi stærðum og gerðum, einyrkja og stafræna flakkara af ýmsum toga.

Fundurinn verður haldinn á Zoom fimmtudaginn 14. janúar kl. 13.00 - 14.30. Ráðgjafar frá Símei leiða umræður í stærri og minni hópum.

Áhugasamir geta skráð sig með því að smella [hér](#).

Hámarksfjöldi þátttakenda á fyrirtækjaþinginu takmarkast við 35 manns vegna rýnivinnu sem mun fara fram í smáum hópum. Við val á þátttakendum verður meðal annars horft til þess að fá fram mismunandi sjónarmið og að þingið endurspeglí fjölbreytileika fólks, til dæmis með tilliti til atvinnugreina, bakgrunns og kyns. Búast má við því að færri komist að en vilja. Öllum áhugasömum verður svarað fyrir 10. janúar.

Frekari upplýsingar er að finna á www.ssne.is og www.akureyri.is.

SSNE fagnar auknu samráði við fyrirtækin í landshlutunum og hvetur önnur sveitarfélög til að skoða þær útfærslur sem henta á hverjum stað. Vegna Covid-19 verða fyrirtækjaheimsóknir SSNE að bíða um stund en við tökum rafrænum samtölum fagnandi.

SAMTALIÐ



Ágrip frá framkvæmdastjóra

11. desember héldum við fyrsta aukafélag SSNE en samkvæmt samþykkingum okkar skal halda ársþing fyrir 30. apríl hvert ár og aukafélag fyrir 30. september og annað fyrir 30. desember. Þing SSNE fara með æðsta vald landshlutasamtakanna og er því mikilvægur vettvangur til samtals og ákvarðanatöku um stefnu og áherslur okkar. Aukafélagið var haldið með rafrænum hætti og við erum að verða býsna þjálfuð í því að vinna þannig. Eins og fram hefur komið verður ársþing 2021 haldið 15. og 16. apríl í Eyjafjarðarsveit. Við stefnum að því að halda ársþingið í raunheimum og vonum að það gangi eftir. Hins vegar verðum við með plan B, þ.e. að halda rafrænt ársþing, ef ekki verður mögulegt að hittast.

Föstudaginn 4. desember héldum við fund með sveitar- og bæjarstjórum og kjörnum fulltrúum þar sem við fengum leigufélagið Bríeti inn á fundinn til að kynna starfsemi félagsins og ræða málin. Bríeti er sjálfstætt starfandi leigufélag í eigu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, stofnað að norrænni fyrirmynd og rekið án hagnaðarsjónamiða. „Markmið Bríetar að vera hluti af uppbyggingu og styrkingu leigumarkaðar sem stuðlar að öryggi á langtímaleigumarkaði með sérstaka áherslu á landsbyggðina og í samstarfi við sveitarfélögin í landinu.“ Augljóslega býður Bríeti upp á áhugaverða möguleika fyrir sveitarfélögin hvað varðar húsnæðismál.

Líkt og margir aðrir höfum við hjá SSNE unnið að undirbúningi þess að stytta vinnuvikuna í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Sú vinna sóttist vel hjá okkur og niðurstaða liggur fyrir. Frá 1. janúar 2020 verður vinnuvika starfsfólks SSNE 36 klukkustundir í stað 40 klukkustunda áður. Við munum vanda okkur við að láta þessa breytingu vinnutíma þróast vel og skapa góða menningu á vinnustaðnum. Við ætlum að auka skilvirkni og bæta nýtingu vinnutímans, m.a. með bættri tímastjórnun, skjalastjórnun og markvissri forgangsröðun. Það er grundvallaratriði að breytingin skerði ekki afköst, gæði og/eða þjónustu SSNE. Breytingin hefur óveruleg áhrif á viðverutíma starfsfólks og við verðum með símsvörun mánudag til fimmtudags milli 9 og 15 og 9 til 14 á föstudögum.

Um áramótin lýkur tveimur verkefnum brothættra byggða á okkar svæði en það eru verkefni „Öxarfjörður í sókn“ og „Glæðum Grímsey“. Af því leiðir að verkefnastjórnarnir sem leitt hafa þau verkefni láta af störfum hjá okkur. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim Charlottu Englund og Karen Nótt Halldórsdóttur fyrir þeirra góðu störf og virkilega ánægjulegt samstarf. Um leið óska ég þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Eins og við höfum áður sagt ætlum við að auka samtal og samstarf við sveitarfélögin og aðra hagaðila í landshlutanum og liður í því er viðvera á staðnum og hitta fólk. Til að hefja þá vegferð ætla Silja Jóhannesdóttir að vera með starfsstöð sína í Skútustaðahreppi nokkra daga í mánuði á næsta ári. Við munum horfa til þess að gera meira af því að vera með skilgreindan viðverutíma starfsfólksins okkar víðar um starfssvæði SSNE.

Nú fer jólahátíð í hönd og það verður lokað hjá okkur á aðfangadag og gamlársgangur sem og mánudaginn 28. desember. Við hjá SSNE óskum íbúum á Norðurlandi eystra og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks árs 2021. Um leið þökkum við fyrir sérlega ánægjulegum samskiptum og árangursríkt samstarf á yfirstandandi ári og við hlökkum mikið til spennandi verkefna á næsta ári.

Með hátíðarkveðju,

Eyþór Björnsson

Stutt kveðja frá formanni stjórnar SSNE

Nú er senn á enda fyrsta starfsár Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar (SSNE) eftir sameiningu þriggja minni félaga. Þrátt fyrir að heimsfaraldur hafi sannarlega sett strik í reikninginn, þá hefur þetta fyrsta starfsár SSNE farið langt fram úr mínum væntingum og er enginn efi í mínum huga að sameiningin var mikið heillaskref. Samstaða, kraftur og fagmennska hefur einkennt starf samtakanna á þessu fyrsta starfsári og hef ég mikla trú á því að starfið eigi eftir að eflast enn frekar á næstu árum. Þennan árangur má fyrst og fremst þakka öflugum starfsfólki, sem og samstöðu sveitarstjórnarmanna í landshlutanum. Á Norðurlandi eystra eru ótal tækifæri til eflingar atvinnulífs, menningar og mannlífs, þau tækifæri þurfum við sameiginlega að grípa og blása til áframhaldandi sóknar, svæðinu okkar og landinu öllu til heilla.

Með jóla- og áramótakveðjum,

Hilda Jana Gísladóttir

Viðverutímar starfsmanna

Húsavík - Baldvin og Ari eru þar alla daga vikunnar á milli 9:00 og 15:00. Silja er við alla daga vikunnar nema þriðjudaga en skiptir nú tíma sínum á milli Húsavíkur og **Skútustaðahrepps** þar sem hún er annan fimmtudag og föstudag í hverjum mánuði. Eyþór er á Húsavík tvo daga í viku þegar Covid leyfir, Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hverrar viku.

Akureyri - Elva, Rebekka, Helga María og Vigdís eru þar alla daga vikunnar á milli 9:00 og 15:00. **Bakkafjörður** - Ólafur Áki er með starfsstöð á Bakkafirði en viðvera er breytileg. **Raufarhöfn** - Nanna Steina er þar alla daga vikunnar nema föstudaga á milli 9:00 og 15:00. **Kópasker** - Verkefnið *Öxarfjörður í sókn* er nú á enda og því kveðjum við Lottu um áramótin og lýkur þar með viðveru SSNE á Kópaskeri. **Grímsey** - Verkefnið *Glæðum Grímsey* er nú á enda og við kveðjum því Karen Nótt um áramótin og lýkur þar með viðveru SSNE í Grímsey.

Vinsamlegast notið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því því svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).